



# Öldrun og samfélag

Námsáætlun, haustönn 2024

Kennari/kennarar:

Guðrún Hallgrímsdóttir

Netfang/netföng:

gudrun.hallgrimsdottir@borgo.is

## Lýsing:

Fjallað er um ríkjandi hugmyndafræði hérlendis í öldrunarmálum og helstu stefnur fyrir þjónustu við aldraða. Unnið með og í tengslum við lög, reglugerðir og réttindi aldraða til þjónustu. Þjónusta við aldraða er skoðuð í sögulegu ljósi, hvernig þarfir og þjónusta hafa breyst í takt við breytingar í samfélaginu. Umfjöllun og umræða um stöðu og almenna þátttöku aldraða í samfélaginu, um sjálfræði og siðferðileg álitamál í þjónustu við eldri borgara, s.s. þjónustu á heimili, þjónustu við val á búsetu, félagsstarf og fleira. Rætt um breytta sýn eldri borgara á eigið líf, væntingar, þarfir og þróun fjölskyldutengsla.

## Þekking, leikni, hæfni:

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á stefnu stjórnvalda og samfélagsins tengt öldrunarþjónustu á Íslandi og þeirri þróun sem hefur átt sér stað síðustu áratugi. Þarf að þekkja til og kunni helstu áherslur varðandi lög um málefni aldraða nr. 125/1999. Skilja mikilvægi á helstu þáttum félagslegrar þjónustu og hugmyndafræði um sjálfræði eldri borgara í síbreytilegu samfélagi og aðstæður þeirra. Hafa þekkingu og kunnáttu til að leita að þjónustu ætlaða eldri borgurum, geri sér grein fyrir mikilvægi þess að félagsstarf fyrir eldri borgara á Íslandi sé fjölbreytt og tilgangi þess og geti greint hver staða aldraða sé í nútíma samfélagi.

## Námsmat:

Mæting og þátttaka í umræðum í áfanganum - 15%  
Einstaklingsverkefni - 25%  
Kynning á bíómynd eða heimildarmynd tengt öldrun, frjálst val - 15%  
Hópverkefni - 20%  
Dagbókarskrif - 15%  
Netkönnun - 10%

## Námsgögn:

Efni frá kennara inn á inna.is ásamt viðbótarefni sem nemendur leita sjálfir að á bókasöfnum, netinu og gegnum upplýsingaleit á viðeigandi stöðum.

## Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Það verða engir umræðutímar á netinu á ákveðnum tímum heldur hafið þið tækifæri á að leggja ykkar framlag í umræðuna á þeim tíma sem hentar ykkur miðað við ykkar líf og/eða vinnu fyrir miðnætti á fimmtudögum í hverri viku. Sjá nánari leiðbeiningar um það efni sem á að koma fram í umræðuþráðum inn á inna.is undir Umræður.

Hægt er að setja inn fyrirspurnir og almennar umræður í sérgerðan umræðuþráð undir umræður á inna út önnina og þar er öllum frjálst að spyrja og svara fyrirspurnum frá öðrum.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	19.-23. ágúst	Lota 1 - kynning á áfanganum og helstu áhersluatriðum	Verkefni
2	26.-30. ágúst	Öldrunarþjónusta	Verkefni
3	2.-6. sept.	Sjón og breytingar	Verkefni
4	9.-13.sept.	Heyrn og breytingar	Verkefni
5	16.-20.sept	Þunglyndi	Verkefni
6	23.-27. sept.	Einmanaleiki og félagsleg einangrun	
7	30.sept.- 4. okt.	Lota 2 - einstaklingsverkefni, kynning á úrræði og umræður	Verkefni
8	7.-11. okt.	Hjálpartæki	
9	14.-18. okt.	Döff samfélagið	Verkefni
10	21.-23. okt.	Blindravinafélagið	Hausthlé
11	29. okt.-1. nóv.	Félagasamtök og dagþjónusta	
12	4.-8. nóv.	Félagsmiðstöðvar sveitarfélaga - tilgangur	Verkefni
13	11.-15. nóv.	Óformlegur stuðningur - fjölskylda og vinir	
14	18.-22. nóv.	Stuðningsþjónusta heim - formleg þjónusta	
15	25.-29. nóv	Lota 3 - hópverkefni, kynningar og umræður	Verkefni
16	2.-6. des.	Heimakönnun	Könnun
17	9.-12. des	Einkunnagjöf	Síðasti kennsludagur

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*